



Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu nær Fjallabaki

Edward H. Huijbens og Ása Margrét Einarisdóttir

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2012

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri
Sími: (+354) 460-8930
Fax: (+354) 460-8919
Rafpóstur: edward@unak.is
Veffang: www.rmfi.is

Titill: Kortlagning auðlinda ferðapjónustu nær Fjallabaki
Höfundar: Edward H. Huijbens og Ása Margrét Einarsdóttir

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála
Prentun: Stell (www.stell.is)

Númer: RMF-S-01-2012
ISBN: 978-9935-437-07-5
ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd er af suðurhluta Íslands, skjáskot tekið af Google Earth.

Skýrslan er prentuð á 100g Clairfontane pappír

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu nær Fjallabaki

Edward H. Huijbens og Ása Margrét Einarsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Myndir og töflur	4
Inngangur	5
Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu	9
Áfangastaðir	9
Auðlindin Ísland.....	13
Mörk áfangastaða	14
Vinnulag á svæðinu	19
Undirbúningur og heimildavinna	19
Hnitsetning gagna.....	20
Rýni gagna	22
Mat á staki.....	23
Samþætting við þjónustugrunn Ferðamálastofu	27
Umfang.....	27
Uppbygging.....	28
Leyfismál.....	31
Hönnun vefviðmóts	32
Samantekt og lokaorð	33
Heimildir	35
Viðauki 1	37
Viðauki 2: Vinnulag í Google Earth og merking gagna í Excel	39


Snú fyrir mynda- og töfluskrá

Myndir og töflur

Mynd 1: Framkvæmdasvæði.....	5
Mynd 2: Samspil þarfa gesta, áfangastaðar og birgja.....	10
Mynd 3: Greining innviða og markaðsmiðun ferðavöru.....	11
Mynd 4: Samlegð kortaþekja.....	13
Mynd 5: Samfélag áfangastaða.....	15
Mynd 6: Svæðisskipting íslenskrar ferðþjónustu – markaðssvæði ferðþjónustu.....	16
Mynd 7: Samráðsfundur á Hvolsvelli með fulltrúum Rangárþings-Eystra, Rangárþings-Ytra og Ásahrepps.....	22
Mynd 8: Vinnuferli og uppsetning gagngrunnns.....	33
Mynd 9: Úr Google Earth.....	39
Mynd 10: Þekjur í Google Earth.....	40
Mynd 11: Örnefni innan þekju í Google Earth.....	40
Mynd 12: Upplýsingar um stak í þekju.....	41
Mynd 13: Flipar á þekjur í töflureikni.....	42
Mynd 14: Síun gagna í töflureikni eftir sveitarfélögum.....	42
Tafla 1: Eigindi í gagnagrunni.....	21
Tafla 2: Mat á aðgengi.....	24
Tafla 3: Mat á aðdráttarafli.....	24
Tafla 4: Mat á aðgengi.....	25
Tafla 5: Skráningar í þjónustugrunn Ferðamálastofu, árslok 2011.....	28
Tafla 6: Undirflokkar þjónustu í þjónustugrunni Ferðamálastofu, á íslensku og ensku.....	29

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um forverkefni að kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi. Skýrslan lýsir ferli kortlagningar auðlinda ferðaþjónustu neðan hálandislínu í Rangárþingi Ytra, Rangárþingi Eystra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Ásahreppi (mynd 1) árið 2012. Verkefnið er fjármagnað af Ferðamálastofu og er hugsað til undirbúnings kortlagningar auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi öllu á tímabilinu 2011-2015, en röð svæða sem tekin verða fyrir liggur ekki fyrir. Verkefnið er unnið af Rannsóknamiðstöð ferðamála í samvinnu við Landmælingar Íslands.



Mynd 1: Framkvæmdasvæði.

Heimild: Unnið úr gögnum Landmælinga Íslands og Svæðisskipulags miðhálandisins

Yfir verkefninu starfaði verkefnisstjórn sem hélt samtals fimm fundi á tímabilinu janúar til október 2012. Hana skipuðu:

- Edward H. Huijbens, Rannsóknamiðstöð ferðamála sá um verkefnisstjórn.
- Oddný Þóra Óladóttir, Ferðamálastofu sá um utanumhald og samskipti við sveitarfélög sem og ritun fundargerða.

- Eydís L. Finnbogadóttir, Landmælingum Íslands sá um ráðgjöf um kortavinnu og útfærslu gagnagrunna.

Ása Margrét Einarsdóttir, starfsmaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, var starfsmaður verkefnisins og sat fundi hópsins.

Markmiðið með forverkefninu er að búa til gagnabanka þar sem safnað er í kortagrunn upplýsingum um þjónustu, aðdráttarafl og sérstöðu svæðisins. Þessi gagnabanki mun verða opinn heimafólki og hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu og mun nýtast þeim sem vinna að uppbyggingu, skipulagi, stefnumótun, vörupróun og markaðssetningu ferðamála á svæðinu. Gagnabankinn er settur upp gegnum landfræðileg upplýsingakerfi (LUK), og er sambærilegur því sniði sem skipulagsgögn á landinu eru sett fram á. Með hagnýtingu landfræðilegrar upplýsingatækni er ferðaþjónustu þannig gert kleift að tjá hagsmuni sína með tækjum skipulags og landnýtingar hér á landi. Til að gögnin nýttist heimafólki og hagsmunaaðilum eru þau sett fram gegnum Google Earth. Landfræðileg upplýsingakerfi og framsetning gagnanna í Google Earth gefur möguleika á að leggja saman og bera saman söfn einstakra staka og gera ný kort sem eru ómetanleg þegar kemur að skipulagi og vörupróun. Með samlagningu korta er hægt að átta sig t.d. á hvar mest aðdráttarafl er af tiltekinni tegund og hvaða þjónusta er fyrir hendi samhliða, en einnig hvar vantar að skilgreina aðdráttarafl eða byggja upp þjónustu. Þannig er mögulegt að leggja grunn að og þróa vörupakka sem byggja á sérstöðu svæðisins.

Verkefnið á sér forsögu frá árunum 2007 og 2008, en þá var unnin á vegum Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga stefnumótun fyrir ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum, með m.a. fjármagni frá vaxtarsamningi Norðausturlands. Til verksins voru fengnir erlendir ráðgjafar sem lögðu áherslu á að koma á kort þeim stöðum sem fólk taldi að hefðu aðdráttarafl fyrir ferðafólk og gera þannig sýnilega. Út frá þessum kortum, og þá sérstaklega samlagningu ýmissa valinna korta unnu ráðgjafarnir stefnumótun og vörupakka fyrir Þingeyjarsýslur, sem til þessa dags hafa verið leiðarljós opinberra aðila þar í markaðssetningu ferðaþjónustu. Rannsóknamiðstöð ferðamála kom að þessari vinnu í Þingeyjarsýslum og hefur í framhaldinu talað fyrir mikilvægi þess að kortlagning með þessum hætti fari fram um landið allt í þágu ferðaþjónustu. Byggt á reynslunni úr Þingeyjarsýslum og ekki síst því sem

talið var að uppá þá vinnu vantaði mótaðist það vinnulag sem nánar verður gert grein fyrir í þessari skýrslu. Einkum þrennt skorti uppá í Þingeyjarsýslum:

- Kortin voru unnin aðeins í landfræðileg upplýsingakerfi og til að nýta sér þau þarf ævinlega milligöngu sérfræðings í LUK.
- Kortin voru aðeins kynnt sem myndir á kynningarfundum fyrir heimafólki og skorti uppá samráð og samvirkni við heimafólk og ferðaþjónustuaðila.
- Farið er með gögnin sem viðskiptaleyndamál þeirra sem standa að atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum og er því uppfærsla ekki möguleg né samvirkni við önnur svæði landsins.

Líkt og í Þingeyjarsýslum snýr kortlagningin að náttúru- og menningargæðum í þágu ferðaþjónustu og samþættingu þeirra við þjónustuinnviði, samgöngur og mannauð svæðisins (mynd 3). Í þessari skýrslu er lýst hvernig náttúru- og menningargæði voru kortlögð í landfræðileg upplýsingakerfi og rýnd af heimafólki í Rangárþingi Ytra, Rangárþingi Eystra, Mýrdalshrepp, Skaftárhrepp og Ásahrepp, en einnig hvernig þessi gögn voru þættuð saman við þjónustugrunn Ferðamálastofu.

Skýrslan er þannig uppbyggð að fyrst verður farið yfir þann hugmyndagrunn sem liggur til grundvallar þessu verkefni. Því næst verður farið vandlega yfir ferli kortlagningar á svæðinu og hvernig gögn svæðisins voru sett fram myndrænt og rýnd. Að lokum verður fjallað um niðurstöður vinnu við framsetningu gagnanna í vefsjá og vinnuferlið allt dregið saman í flæðirit. Þessi skýrsla er sú fyrsta í væntanlegri röð skýrslna sem lýsa mun kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi svæði fyrir svæði, ef fjármagn fæst. Er ferðamálastjóra; Ólöfu Ýrr Atladóttur þakkaður yfirlestur og rýni þessarar skýrslu.

Kortlagning auðlinda ferðapjónustu

Í allri ferðamennsku er mikilvægasta landfræði viddin staðurinn

Gunn, 2002, bls. 225


Vandinn við að kortleggja auðlindir ferðapjónustu á Íslandi felst fyrst og fremst í því að skilja og skilgreina hvað það er sem við köllum auðlind ferðapjónustu og hvar hana er að finna. Hver auðlind getur í sjálfu sér verið aðdráttarafl sem síðar verður áfangastaður, stór eða smár, en áfangastaður ferðapjónustu felur meira í sér en bara þá auðlind sem er aðdráttaraflið hverju sinni. Hvað telst til áfangastaða er þannig ekki ljóst og því er mikilvægt en vandasamt að átta sig á því hvað áfangastaður er.

Áfangastaðir

Staður þar sem auðlindir ferðapjónustu, eina eða fleiri, er að finna er kallaður áfangastaður. Líkt og Innovasjon Norge (2008) leggur til grundvallar sinni hvítbók um þróun áfangastaða þá ber að skilja hann sem stað „sem ferðafólk heimsækir vegna þess að hann hefur eiginleika og veitir upplifanir sem gera hann þess virði að sækja hann heim“ (bls. 11). Þetta má virðast hringhenda við fyrstu sýn, í öllu falli er um mjög huglægt mat að ræða og varðar upplifun af stað og þannig staðarvitund (e. *sense of place*), sem er vandmeðfarið efni. Til að skilja áfangastaði leggur Innovasjon Norge (2008) til að horft sé á hann sem þríþættan. Fyrir þeim er áfangastaðurinn samsettur úr hinu eðlissæna (náttúrufar, byggt umhverfi, veðurfar o.fl.), félagslega (samskipti gesta og heimafólks og gesta og annarra gesta) og að síðustu er áfangastaðurinn samfélagslegur (hvernig merking verður til og menningarverðmætum komið til skila). Að sama skapi bendir Gunn (2002, bls. 132) á að upplifun ferðafólks er staðbundið samspil aðdráttarafls, þjónustu, aðstöðu, samfélaga, aðgengis og leiða sem hægt er að fara. Til þess að hægt sé að skilja samspil þessara þátta sem þjónustu sem hægt er að bjóða ferðafólki, verður að skilja hvað liggur að baki hverjum þætti þessa samspils. Eftir forskrift Innovasjon Norge er þrennt sem hægt er að horfa til þegar skilgreina skal auðlind ferðapjónustu:

- Staðsetning í rými – hnit eða punktur – staða
- Hvað er þar – hvað er mikið af hverju og eiginleikar þess – inntak
- Tjáning landsins – hver er upplifun af því – tjáning


Staða, inntak og tjáning (SIT) liggja þannig til grundvallar skilningi á áfangastað ferðapjónustu og hvert SIT fyrir sig er í raun auðlind greinarinnar. Þessar auðlindir þarf hinsvegar að setja í víðara samhengi. Innovasjon Norge (2008) leggur til að hin staðbundna auðlind ferðapjónustu (SIT) sé sett upp sem samspil þarfa gesta, áfangastaðar og birgja (þjónustuveitenda) (mynd 2).



Mynd 2: Samspil þarfa gesta, áfangastaðar og birgja.

Heimild: Innovasjon Norge, 2008, bls. 17.

Með svipuðum hætti dregur Inskeep (1991) á mynd 3 saman þá þætti sem horfa þarf til þegar skoða skal auðlindir ferðapjónustu. Þarna er að finna þætti eins og samgöngur, aðra innviði, þátt ýmissa stofnana s.s. fyrirtækja og opinberra aðila, aðstöðu og þjónustu við ferðafólk, allt í samhengi við eftirspurn gesta og kjarna þess sem staðurinn snýst um, það er náttúru, menningu og samfélag staðanna, sem hver fyrir sig má skilgreina sem auðlind.



Mynd 3: Greining innviða og markaðsmiðun ferðavöru.

Heimild: Inskeep, 1991, bls. 39, sjá einnig Inskeep, 1988

Á mynd 3 eru það ekki síst þeir seglar og afþreying sem í boði er sem flestir skilja sem auðlindir ferðapjónusta. Seglar eru sterkasti þátturinn fyrir hvern áfangastað, þeir eru aðdráttaraflið sem dregur gesti til staðarins, það sem örvar þá og veitir þeim ánægjuþilfinningu. Þetta aðdráttarafli getur verið með öllu manngert, líkt og til dæmis í Adrenalíngarðinum eða Eden sem var í Hveragerði, eða fullkomlega náttúrulegt, t.d. Hvannadalshnjúkur. Hvað felst í aðdráttarafli hverju sinni er afar menningarbundið og huglægt. Það er sem sagt í hugum fólks sem aðdráttarafli verður til og því er yst í hring Inskeep (1991, mynd 3) hvernig annarsvegar heimafólk og hinsvegar gestir meta og skynja það sem í boði er.


Gunn (2002) tekur fjölda dæma um skipulag áfangastaða víða um heim og kemst að þeirri niðurstöðu að það sem einkennir skipulagsáherslur dagsins í dag er að markmið vinnunnar eru fleiri en bara efling hagkerfis. Mikil áhersla er á að skilja grundvöll skipulagsins, markmið og auðlindir (t.d. með LUK). Með frekari markaðsvæðingu ferðapjónustu á sér stað æ fíngerðari markaðshlutun og vaxandi skilningur á að þróun áfangastaðar þarf að taka mið af æ margbreytilegri væntingum gesta. Að auki er gott skipulag til þess fallið að bæta samskipti

opinberra- og einkaaðila, ólík svið opinberrar stjórnsýslu vinna betur saman, þátttaka almennings vex og meiri vitund er um þá spennu sem getur skapast milli gesta og heimafólks. Þannig lýsir Gunn (2002, bls. 209) til dæmis ferlinu við skipulag útivistar í Nýja Englandi í fimm þrepum. Fyrsta og mikilvægasta þrepið var að meta auðlindir (SIT), það er bera kennsl á, lýsa og kortleggja það sem fyrir hendi er af útivistarsvæðum og leiðum til útivistar í ríkinu. Með rýningu fyrirliggjandi gagna og hugmynda fólks í Nýja Englandi var hægt að þætta saman við grunnúttektina það sem þegar hafði verið sett fram sem tækifæri í ferðaþjónustu. Næsta skref var að þætta inn gönguleiðir og vernduð svæði. Í þriðja lagi og með því að stefna saman hagsmunaaðilum, bæði frá hinu opinbera og einkageiranum náðist að bera kennsl á nýja möguleika, sem leiddu til skipulagstillagna (fjórða skref) og að lokum heildarstefnumótunar fyrir útivist í Nýja Englandi. Var LUK ómetanlegt við þessa vinnu.

Samantekið má segja að vinna við að skilgreina og kortleggja auðlindir íslenskrar ferðaþjónustu í landfræðileg upplýsingakerfi snýst um að;

... skilja mögulega áfangastaði. Í annan stað, þegar borið er kennsl á þá ættu rannsakendur og hagsmunaaðilar að finna hugtök, verkefni og lausnir á vandamálum. Í þriðja lagi með því að greina þetta þá er svæðið sett í viðeigandi landfræðilegt og samanburðarhæft samhengi. Í fjórða lagi með því að byggja slíkar upplýsingar þá er hægt að vinna að því að skilgreina nýtt aðdráttarafi og nýjar ferðavörur. Að síðustu þá leyfir greining af þessu tagi að dregnar séu fram ógnanir sem umhverfinu stafar af þróun ferðamennsku (Gunn 2002, bls. 140).

Það sem Gunn (2002) bendir á að sé eiginleiki landfræðilegra upplýsingakerfa við þessa vinnu er að einstakar kortaþekjur er hægt að leggja saman eftir áhuga eða viðfangsefni hverju sinni (mynd 4). Það gefur mögulega á að bera kennsl á hvar áfangastaður í öllum sínum fjölbreytileika gæti verið á grunni kortlagðra auðlinda.



Mynd 4: Samlegð kortaþekja.

Heimild: Gunn, 2002, bls. 194

Spurningin er þá til hvers verður horft þegar kortaþekjur eru lagðar saman til að meta möguleika og tækifæri á einstökum svæðum á Íslandi og/eða landinu öllu.

Auðlindin Ísland

Samvirkni þeirra þátta sem sýndir eru á mynd 3, samlagning kortlagðra auðlinda eins og lýst er á mynd 4, auk þeirra skrefa sem Gunn (2002) lýsir er það sem hafa þarf í huga við skipulag áfangastaða. Þannig verður til það sem kalla má „ferðavaran“ fyrir einstaka áfangastaði. Ef horft er til kjarnans í aðdráttarafli Íslands benda Hall og Boyd (2005, bls. 4) þannig á að;

Nýsköpun í náttúruferðamennsku þarf að skilja í samhengi við víðara náttúrulegt umhverfi, samfélag og menningu, pólitík og hagkerfi sem skapa skilyrði hennar og vöruþróunar.

Nærri átta af hverjum 10 gestum til landsins nefna að náttúran sé helsta ástæða fyrir komu þeirra til Íslands (Ferðamálastofa, 2012). Anna Dóra Sæþórsdóttir (2010a, bls. 29) segir:

Ferðaþjónustu á Íslandi einkennir mikill áhugi gesta á að horfa á, leika í og njóta náttúru. Ferðaþjónustan snýst um að fara til hinna ýmsu áfangastaða náttúru, svo sem fjalla, jökla, eldfjalla, hraunbreiða, goshvera, eyðimarka, áa, fossa og stranda sem og víðerna hálendis ...

Jafnframt bendir hún á að:

... þar til nú hefur einkennt áfangastaði í íslenskri náttúru að þar eru takmarkaðir innviðir og lítil vöru/þjónustuvæðing og eru þeir í raun vanþróaðir er kemur að afþreyingu og ferðamennsku. Með fjölgun ferðafólks til landsins síðustu ár hefur þetta þó breyst og fjárfest hefur verið í vegabótum, bílastæðum, klósettum, stígum og gestamóttökuhúsum.

Meginuppistaðan í þeim jarðvegi sem íslensk ferðaþjónusta sprettur úr er náttúra landsins, það er að ferðaþjónusta byggir vörur sínar að mestu á upplifun af náttúru eins og náttúruöflin skópu hana. Þannig byggja vaxandi vinsældir Íslands sem áfangastaðar á náttúrunni líkt og Norðurlönd almennt (Hall, Müller & Saarinen, 2008; Müller & Jansson, 2007). Ísland sker sig úr að því leyti að jarðvarmi og eldfjöll taka ásamt jöklum virkan þátt í landmótun. Að auki einkenna landið stór svæði þar sem áhrifa mannvistar gætir ekki sýnilega, svæði sem kölluð eru víðerni (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Hall og Saarinen, 2011). Áfangastaðurinn Ísland er víðfeðmur staður og innan hans eru margir aðrir áfangastaðir, allt frá einstökum söfnum til heilla svæða, s.s. hálendisins. Til þess að ákveða hvað áfangastaðurinn er þarf að draga um hann einhver mörk og hluti vinnu við kortlagningu auðlinda snýr að því að gera það kleift.

Mörk áfangastaða

Ekki er einfalt mál að afmarka hvað telst áfangastaður ferðafólks. Saarinen (2004: 164) segir að:

Áfangastaður er í eðli sínu flókið hugtak. Það vísar til ólíkra kvarða (þ.e. stig framsetninga) í ferðamennsku: álfur, ríki, svæði, héruð og ýmsar aðrar stjórnsýslueiningar, ferðamannastaðir og jafnvel einstakur varningur fyrir ferðafólk getur verið áfangastaður. Kvarðar [(e. *scale*)] og skilgreiningar áfangastaða sem byggja á stjórnsýslueiningum eða slíkum skiptingum eru oft hagnýtar og þægilegar en einblína fyrst og fremst á staðinn í kyrrstöðu og sem tæknilegt viðfangsefni (þýðing höfunda).

Doreen Massey (2005) vill hinsvegar opna áfangastaðinn:

Ef [áfangastaður] er skilinn sem fastur við ákveðinn kvarða verður hann ævinlega svæði sem er einvitt plan og leyfir ekki öllum þeim aragrúa athafna, ferla og iðju að koma þar að og móta sig (bls. 110).

Áfangastaður er því ekki bara landfræðilegt eða tæknilegt viðfangsefni, einhver staður sem þarf bara að lýsa. M.ö.o. áfangastaðurinn er ekki bara, heldur *verður* og til að skilja hann þarf

að skoða hann sem „skilyrtan sögunni og að fólk upplifir hann og skilur með ólíkum hugmyndum um stjórnun og hagfræði og gegnum ólíka menningarlega iðju“ (Saarinen, 2004: 164, byggir á Paasi, 1991, þýðing höfundu). Innovasjon Norge (2008, bls. 29) taka dæmi af því sem þeir kalla „samfélag áfangastaða“ með tilliti til ákvarðanatöku við stefnumótun (mynd 5).



Mynd 5: Samfélag áfangastaða


Heimild: Byggt á Innovasjon Norge, 2008, bls. 29

Þannig er áfangastaður hverju sinni ævinlega afrakstur iðju og ígrundaðra athafna einstaklinga, samtaka og samfélags við að raða ótölulegum fjölda staka, eininga eða auðlinda í einhverskonar samrýmanlegt ástand sem kalla má áfangastað. Þægilegt og hagnýtt er að átta sig á stjórnsýslumörkum og skoða landfræðilega afmörkun svæða sem grunn að frekari skoðun líkt og Saarinen (1998 og 2004) bendir á. Buhalis (2000) segir einnig að áfangastaður sé „landfræðilega afmarkað svæði sem gestir þess skilja sem sjálfstæða heild og hefur pólitískan og lagalegan ramma til að skipuleggja og markaðssetja ferðapjónustu“ (bls. 98). Þannig geta stjórnsýslumörk virkað sem grundvöllur þeirrar vinnu sem er við að kortleggja auðlindir og móta skipulag eða sýn.

Til að geta gert grein fyrir áfangastað verður hinsvegar að átta sig á að um hann gilda ólík og breytileg viðmið í tíma og rúmi. Hann getur verið staður, hlutur, hugmynd, varanlegur eða tímabundinn eða punktur á korti en um leið svæði eða jafnvel heilt land. Því þarf að skilja hvernig áfangastaðurinn verður til við hvert tilefni skoðunar. Þegar þannig er reynt að gera grein fyrir áfangastað verður því að hafa í huga að:

Þegar ferðaþjónustusvæði eru skilgreind er mikilvægt að gera sér grein fyrir því frá hvaða sjónarhóli horft er og hvort ástæða er til að vera með mismunandi skiptingu eftir því hvað haft er í huga. Nefna má í því sambandi erlenda ferðamenn annars vegar og innlenda hins vegar. Einnig mismun eftir árstíðum. Það kom glögg í ljós þegar rætt var við þá sem starfa við ferðaþjónustu. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar fjallað er um tiltekin svæði (Valtýr Sigurbjarnason og Elías Gíslason, 2002, bls. 3).

Í skýrslu þeirra Valtýs og Elíasar var sett fram tillaga (sjá mynd 6) að skiptingu landsins í ákveðin markaðssvæði ferðaþjónustu og auðlindir hennar svo metnar á hverju svæði fyrir sig.



Mynd 6: Svæðisskipting íslenskrar ferðaþjónustu – markaðssvæði ferðaþjónustu.

Heimild: Valtýr Sigurbjarnason og Elías Gíslason, 2002, bls. 15.

Til grundvallar þeirri skiptingu í fimm megin svæði sem sjá má á mynd 6 (rauðar sporöskjur og höfuðborgarsvæðið) er að svæðið sé heild með tilliti til fjarlægða og þjónustuframboðs og að þar sé aðdráttarafli, eitthvað sem fær fólk til að koma og vera á svæðinu.

Til að leggja mat á aðdráttarafli þessara fimm skilgreindu markaðssvæða tóku Valtýr og Elías (2002) rýnihópa- og einstaklingsviðtöl þar sem spurt var um sérstöðu svæðisins og hvers vegna fólk ætti að leggja leið sína þangað. Þeir beittu í raun tveimur ólíkum nálgunum á

fyrirbærið áfangastað, ef vísað er til tilvitnunar í Buhalis (2000) að ofan. Þeir tala um samgönguheildir og þjónustuframboð, hið fyrra skipulagt af ríki í heildarsamgönguáætlunum, hið síðara af einstaklingum og eða einstökum sveitarfélögum. Vissulega er hér hægt að draga þá mörk svæða nokkuð eftir því „frá hvaða sjónarhóli horft er“. En þegar kemur að skipulagi þá fara stjórnsýslumörk að skipta máli.

Eins og ljóst má vera af umfjöllun hér að ofan er kjarninn í hverjum áfangastað auðlindir hans. Þessar auðlindir eru ekki bara einhverjir áhugaverðir staðir, seglar eða aðdráttaröfl, heldur verða til fyrir samspil samspil birgja, ferðafólks og innviða þess staðar sem um ræðir. Áfangastaður ferðapjónustu verður þannig til fyrir samvirkni margra þátta, sem hver og einn er samsettur úr fjölda eininga sem kalla má auðlindir hvern fyrir sig. Til þess að áfangastaður verði til þarf og að taka tillit til væntinga heimafólks og gesta. Því er hluti af ferli kortlagningar að leggja mat á hvað telst vera áfangastaður. Með því að kortleggja auðlindir og gera grein fyrir þeim, fæst tæki sem nýtist þegar gera skal grein fyrir hvað telst áfangastaður og búa til nýja slíka. Mörk þeirra er þannig hægt að draga á forsendum þeirra auðlinda sem til staðar eru og hvaða mat heimafólk leggur á þær.

Vinnulag á svæðinu

Vinnan við öflun gagna og undirbúning kortlagningar auðlinda ferðaþjónustu í sveitarfélögunum fimm; Rangárþingi Ytra, Rangárþingi Eystra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Ásahreppi fór fram í þremur áföngum. Fyrst var um að ræða undirbúning og heimildavinnu, því næst hnitsetningu gagna og að lokum rýni aðila sem sveitarfélögin skipuðu að ósk verkefnastjórnar.

Undirbúningur og heimildavinna

Fyrsta skref var að afla gagna um svæðið. Með rýni heimilda varð til það sem kallað var „auðlindaskrá“, sem sett var fram í töflureikni (Excel). Leitað var helst fanga í Árbókum Ferðafélags Íslands, árin: 1931, 1933, 1935, 1945, 1960, 1963, 1966, 1972, 1975, 1976, 1988, 1995. Þær eru nánar skráðar í viðauka 1. Að auki var byggt á samantekt um áhugaverða staði sem teknir voru saman við gerð umsóknar um Kötlu jarðvang (e. *Katla geopark project*) (Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, 2010). Einnig voru staðir nefndir í skýrslunni *Auðlindin Ísland* teknir inn (Valtýr Sigurbjarnason og Elías Gíslason, 2002). Einnig var horft til bókanna *Sunnlenskar byggðir IV* (Búnaðarsamband Suðurlands, 1982; 1987) um *Rangárþing I og II* og *VI* um *Skaftárþing* (Búnaðarsamband Suðurlands, 1985), bækling Þorsteins Jónsson (2008) um áhugaverða staði og gönguleiðir í Rangárþingi Eystra, sem og greinagerð um héraðið á ellefu alda byggðaafmæli (Þjóðhátíðarnefnd Rangárvallasýslu, 1974). Einnig voru notaðar bækurnar *Íslenskir fossar* (Jón Kristinn Gunnarsson, 1992), *Hellahandbókin - leiðsögn um 77 íslenska hraunhella* (Björn Hróarsson, 2008) og skrá um Friðlýstar fornleifar (Fornleifavernd, 1990).

Mikilvæg gögn við vinnslu verkefnisins voru aðalskipulög sveitarfélaganna fimm. Þau voru mikið notuð, en yfirlit þeirra sem stuðst var við er að finna í viðauka 1. Margar vefsíður voru notaðar til að fá hugmyndir og upplýsingar um staði. Nefna má; www.nat.is, www.klifur.is, www.kirkjukort.net, www.berjavinir.com, www.wikiloc.com, www.eyjafjoll.com, www.bondi.is, www.njala.is og margar fleiri. Vefsíður sveitarfélaganna nýttust einnig vel: www.hvolsvollur.is (Rangárþing Eystra), www.ry.is (Rangárþing Ytra), www.vik.is (Mýrdalshreppur), www.klaustur.is (Skaftárhreppur) og www.asahreppur.is (Ásahreppur).

Töluvert af gögnum fékkst úr gagnagrunnum einkum frá Landmælingum Íslands, Orkustofnun, Náttúrufræðistofnun, Vegagerðinni og Siglingamálastofnun.

Áherslan í rýni allra þessara heimilda var á staði sem með einhverjum hætti voru tilgreindir sem áhugaverðir eða sérstakir eða verkefnastjórn mat að þyrftu að vera með. Haft var í huga að verkefnið snýr ekki að söfnun eða skráningu örnefna, heldur skráningu staða sem á einhvern hátt geta talist sérstakir eða er lýst í heimildum sem fallegum, áhugaverðum, notalegum eða með öðrum slíkum lýsingarorðum. Til að örnefnin væru ekki alfarið í handahófskenndri röð, eða bara raðað í stafrófsröð, var í auðlindaskránni flokkað í 32 flokka, sem gerðir voru í sambærilegu verkefni sem unnið var í Þingeyjarsýslum árin 2007 og 2008 og lýst er vandlega af Hull og Huijbens (2011) og Edward Huijbens (2011) fjallar einnig um. Þegar borin höfðu verið kennsl á stað í heimild var örnefnið fært inn í viðeigandi flokk sem skilgreindur hafði verið sem dálkur í töflureikni og heimildavísun sett í athugasemd við. Oft kom sama örnefnið fyrir víða í heimildum og var þá eftir föngum sett í athugasemd helstu staði, þar sem mest var umfjöllun um örnefnið.

Hnitsetning gagna

Þegar allri skráningu og flokkun var lokið voru fundin hnit fyrir gögnin. Eftir samráð við verkefnisstjórn og yfirferð þeirra gagna sem aflað hafði verið var ákveðið að fækka flokkunum í auðlindaskrá úr 32 í 25 í þremur yfirflokkum, sem eru eftirfarandi:

1. Landslag

- a. Ár og vötn
- b. Fossar
- c. Gljúfur
- d. Áhugaverðar fjörur
- e. Hverir, laugar og lindir
- f. Jarðminjar og vörður
- g. Nafnkunn fjöll með þekktri gönguleið
- h. Hellar
- i. Klifurstaðir
- j. Útsýnisstaðir

2. Vistfræði

- a. Áhugavert dýralíf
- b. Áhugaverður gróður
- c. Berjaland

3. Manngert

- a. Friðlýstar rústir
- b. Áningastaðir, nestisstaðir og útskot
- c. Útilist og arkitektúr
- d. Flugvellir
- e. Íþróttasvæði og vellir
- f. Vitar
- g. Upplýsingaskilti
- h. Menningarmiðstöðvar og félagsheimili
- i. Kirkjur
- j. Réttir
- k. Sögustaðir
- l. Virkjanir


Alls voru sett inn í kortagrunn u.þ.b. 780 stök í þessum 25 flokkum í sveitarfélögum fimm. Sú vinna fór þannig fram að skráð var hnit hvers staks og notað ISN93 hnitakerfið og hnitíð skráð í metrum. Upplýsingar um hnitíð var ýmist fengið úr öðrum gagnagrunnum, vefsíða ja.is eða kortavefsíða lmi.is. Notuð voru punkt hnit fyrir hvert stak. Þau eigindi sem sett voru inn í gagnagrunnin eru talin í töflu 1:

Tafla 1: Eigindi í gagnagrunni

<i>Nafn</i>	Skráð var örnefni staksins.
<i>Flokkur</i>	Stakið (örnefnið) var sett í einn af hinum 25 flokkum.
<i>Heimild fyrir staki</i>	Skráð var hvar heimild fyrir stakinu fannst. Það er; hvaðan kom hugmyndin um að þetta ákveðna stak ætti heima í þessum gagnagrunni.
<i>Lýsing</i>	Skrifuð var upp lýsing úr Árbókum ferðafélagsins eða öðrum bókum ef til var. Einnig var skráð lýsing ef stakið var nefnt í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Ekki öll stök hafa fengið skráða lýsingu.
<i>X hnit, Y hnit</i>	Hnit voru skráð í hnitakerfi ISN93. Hvert stak fékk punkthnit. Fyrir svæði (fláka) var um það bil miðhnit hvers svæðis merkt sem punktur. Línuleg fyrirbæri fengu tilviljanakennda staðsetningu.
<i>Heimild fyrir hnit</i>	Hvaðan vitneskja fékkst um staðsetningu á örnefninu.
<i>Hnitað upp af</i>	Hvaðan hnitíð var tekið upp. Ýmist úr ja.is, lmi.is eða úr gagnagrunnum
<i>Mynd af hnit</i>	Skráð var slóð á vefsíðu ja.is eða lmi.is af þeim stað sem hnitíð hafði verið skráð.
<i>Mynd af staki</i>	Sett var inn vefslóð á mynd af fyrirbærinu ef mynd fannst á vefnum.
<i>Sveitarfélag</i>	Skráð niður í hvaða sveitarfélagi stakið var. Sum stök voru í á mörkum tveggja sveitarfélaga. Þar er bæði sveitarfélögin skráð.

Rýni gagna

Eftir hnitsetningu eins lýst er í töflu 1 voru gögnin sett í hendur fulltrúa sveitarfélaganna, sem skipaðir höfðu verið verkefninu til ráðgjafar af sveitarstjórnnum að beiðni Ferðamálastofu. Einn fulltrúi kom frá hverju sveitarfélagi, en jafnframt höfðu verið skipaðir einstaklingar til vara. Var um rýnihópavinnu að ræða þar sem þeir sem skipaðir voru fengu færi á að kynna sér gögnin, staðfesta upplýsingar eða leiðréttu og taka afstöðu til þeirra. Til þess voru gögnin sett fram með aðstoð Google Earth. Haldnir voru fundir þann 19. júní á Hvolsvelli og í Vík og farið yfir gögn og vinnslu með þessum fulltrúum.



Mynd 7: Samráðsfundur á Hvolsvelli með fulltrúum Rangárbings-Eystra, Rangárbings-Ytra og Ásahrepps.

Skipaðir fulltrúar sveitarfélaganna fengu síðan gögnin send til vinnslu á töflureikni (Excel) til að fylla inn í og á kmz formi til skoðunar í Google Earth. Til að þetta gæti farið sem best fram var nauðsynlegt að fara vandlega yfir aðferðina við skoðun gagnanna í Google Earth, sem og hvernig afstaða skyldi tekin til gagnanna og hvernig þau skyldu skráð í töflureikninn. Var ráðgjöfum uppálagt tiltekið vinnulag við mat á stökum sem vandlega er lýst í viðauka 2.

Mat á staki

Það sem ráðgjafar voru beðnir að gera við hvert stak í hverjum flokki í viðkomandi sveitarfélagi var að meta það og taka afstöðu til fjögurra þátta:

1. Leggja mat á hvort rétt heiti sé á réttum stað.
2. Staðfesta staðsetningu.
3. Gefa hverju staki einkunn í þrem flokkum fyrir aðgengi, aðdráttarafl og hvort svæði er lokað eða opið almenningi.
4. Bæta við ef eitthvað vantar augljóslega eða benda á eitthvað sem óþarfi er að skráð sé.

1. Leggja mat á nöfn staða og heimildir

Ráðgjafar voru beðnir um að segja til um hvort rétt nafn sé notað og hvort þeir meti heimildina góða og/eða gilda sem að baki nafninu stendur. Einnig var spurt hvort fólk vissi jafnvel um aðrar eða fleiri heimildir. Nokkur stök voru merkt í skjalinu þar sem verkefnisstjórn var ekki viss um hvort rétt örnefni er notað.

2. Staðfesta staðsetningu

Ráðgjafar voru beðnir um að segja til um hvort nafnið sé á réttum stað og eigi við fyrirbærið sem það er flokkað sem, s.s. foss, hellir eða annað. Í skjalinu voru nokkur örnefni sem eru lituð gul. Það merkir að verkefnisstjórn vissi ekki nákvæmt hnit á fyrirbærinu og var óskað eftir aðstoð fólks við að finna rétta staðsetningu. Ef fólk vissi rétt hnit á fyrirbærinu eða gat fundið það þá var hægt að setja rétt hnit í dálkana sem merktir eru X og Y. Einnig gat verið að ekki var vitað hvort rétt örnefni væri á merktu fyrirbæri og var óskað eftir aðstoð við að finna þekkt örnefni við stakið.

Fólk gat einnig fundið örnefni sem það taldi að ekki væri rétt staðsett. Var fólk beðið um að láta vita með því að setja inn athugasemd við nafnið í töflureikninn. Var fólk einnig beðið um aðrar athugasemdir og bæta við í lok textans nafninu sínu eða nafni þess sem kom með athugasemdina og dagsetningu þegar hún var skráð. Dæmi: „Þessi foss þornar alveg upp í þurrkum“ (Jón Jónsson 21. júní 2012).

Til þess að fólk gæti fundið hnit fyrir stök sem verið er að bæta við eða finna rétt hnit á fyrirbæri sem eru með rangt hnit var fólki bent á að nota vefsíða á www.ja.is fyrir vestari hluta svæðisins (Rangárþing/–Ytra og Eystra, Ásahrepp og Mýrdal) en fyrir Skaftárhrepp að nota vefsíðu frá Landmælingum Íslands; örnefnasíða og kortvefsíða.

3. Leggja mat á aðgengi og aðdráttarafl

Miklu máli skiptir að meta gildi hvers staks sem skráð er. Því voru ráðgjafar beðnir um að gefa stökunum einkunn. Settir voru upp tveir fimm stiga kvarðar, annarsvegar um hvort staðurinn sé aðgengilegur, og hinsvegar hve áhugaverður hann er. Einnig voru rýnar beðnir að meta á þriggja stiga kvarða hvort staðurinn sé opin eða lokaður. Töflur 2-4 voru notaðar til að gefa hugmynd um hvað á ætti við hverja einkunnargjöf. Nóg var að skrifa tölu í reit í viðeigandi dálk í töflureiknisskjalinu um aðgengi, hvort staður sé opin eða lokaður og mat á aðdráttarafl.

Tafla 2: Mat á aðgengi.

Aðgengi	
Einkunn	Lýsing
1	Ómögulegt að komast að staðnum nema með sérstökum viðbúnaði.
2	Erfitt aðgengi, illfært gangandi fólki, ófært vélknúnum ökutækjum.
3	Sæmilegt aðgengi gangandi, mögulegt að koma torfærutækjum að.
4	Fært flestum gangangi og hægt að komast á faratæki.
5	Greiðfært öllum og akfært að.

Tafla 3: Mat á aðdráttarafl.

Aðdráttarafl	
Einkunn	Lýsing
1	Ekkert sérstakt aðdráttarafl. Staðurinn er ekki líklegur til að vera áhugaverður fyrir gesti.
2	Lítið aðdráttarafl. Staðurinn er ólíklegur áfangastaður gesta.
3	Enginn afstaða
4	Nokkuð aðdráttarafl. Staðurinn er áhugaverður og líklegur sem áfangastaður gesta.
5	Sérlega áhugaverður staður. Staðurinn er perla sem er eða ætti að vera aðaláfangastaður gesta á svæðinu.

Tafla 4: Mat á aðgengi.

Opin/lokaður	
Einkunn	Lýsing
1	Staðurinn er á einkalóð eða lokaður.
2	Það þarf leyfi til að fara á staðinn.
3	Öllum er opið aðgengi.

4. Hvað vantar af örnefnum?

Að lokum var fólk beðið að bæta við ef það hefði vitneskju um fleiri stök í hverri þekju á þeirra svæði sem það taldi að ætti við í verkefninu. Hægt var að bæta þeim í töflureiknisskjalið með því að bæta við örnefni í dálkinn „nafn“ neðst í skjalinu. Undir dálkinn „heimild fyrir staki“ var hægt að bæta við sínu nafni, eða nafni einhvers sem hafði ráðlagt um hvar stakið er; til dæmis: Jón Jónsson munnleg heimild 2012. Ef vitneskja er um að til séu ritaðar heimildir um örnefnið/stakið var þess óskað að þeim væri bætt við, t.d. vísun í bók eða vefsíðu.

Samþætting við þjónustugrunn Ferðamálastofu

Mikilvægur þáttur við mat á auðlindum ferðaþjónustu er hvaða þjónusta er í boði í tengslum við hvert aðráttarafl. Með því að átta sig á því er betur hægt að sjá hvar tækifæri til frekari uppbyggingar þjónustu eru, í takt við fyrirbyggjandi auðlindir eða hvernig mögulega væri hægt að snúa þeirri þjónustu sem í boði er meira í átt að þeim auðlindum sem á svæðinu er að finna. Á undanförunum árum hefur á vegum Ferðamálastofu verið byggður upp viðamikill gagnagrunnur með upplýsingum um íslenska ferðaþjónustuaðila og þjónustu fyrir ferðafólk. Hann rekur sögu sína allt aftur til ársins 1997 þegar skráning í hann hófst á vegum Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Reykjavík.

Umfang

Í grunninum eru nú upplýsingar um vel á þriðja þúsund ferðaþjónustuaðila um allt land, ásamt ýmsum hagnýtum upplýsingum fyrir ferðafólk, bæði á ensku og íslensku. Skráning í grunninn er ferðaþjónustuaðilum að kostnaðarlausu og hann er öllum aðgengilegur á landkynningarvefnum, www.visiticeland.com, á www.ferdalag.is og á vefjum markaðsstofa landshlutanna. Öðrum vefjum býðst einnig aðgangur að grunninum gegn gjaldi sem standa á undir kostnaði sem af þeirri þjónustu hlýst. Þá er jafnframt gefin út *Handbók Ferðamálastofu* einu sinni á ári sem byggir á grunninum.

Það sem skráð er í grunninn byggir á samstarfi við markaðsstofur landshlutanna um skráningu og viðhald á upplýsingum. Ferðamálastofa getur þó einnig séð ein um að skrá aðila og setja aðila í flokka. Sumar markaðsstofur fara þá leið að bjóða aðilum á sínu svæði upp á viðbótarskráningu (auknar upplýsingar) gegn gjaldi og tengist það þá aðild að viðkomandi markaðsstofu.

Í árslok 2011 voru skráningar í grunninn rúmlega 3.470 talsins í sex flokkum (tafla 5). Einstök fyrirtæki geta verið skráð í fleiri en einn flokk þannig að fjöldi aðila er rúmlega 2.600 talsins. Þeim hefur fjölgað um rúmlega 300 á milli ára.

Tafla 5: Skráningar í þjónustugrunn Ferðamálastofu, árslok 2011

Heimild: Halldór Arinbjarnarson, 2012

	Fjöldi undirflokka	Fjöldi skráninga
Almennar upplýsingar	7	800
Samgöngur	8	160
Gisting	10	820
Afþreying	36	750
Listir og menning	6	340
Matur og drykkur	6	600
Samtals:	73	3.470

Uppbygging

Eins og sést í töflu 5 er grunninum skipt í sex meginflokka sem hverjum og einum er skipt í mismunandi marga undirflokka, sem samtals eru 73 talsins og taldir upp í töflu 6. Þeir flokkar sem eru stjörnumerktir með rauðu þýða að sérstök krafa er gerð um staðfestingu vegna leyfismála áður en skráning á sér stað.

Tafla 6: Undirflokkar þjónustu í þjónustugrunni Ferðamálastofu, á íslensku og ensku
 Heimild: Halldór Arinbjarnarson, 2012

1. Afþreying	Recreation
1) Almenningshlaup	Running
2) Bátaferðir *	Boat Tours
3) Bátaleigur*	Boat Rentals
4) Dagsferðir*	Day Tours
5) Dorgveiði*	Ice Fishing
6) Dýragarðar og opinn landbúnaður	Mini-zoo & Open Farm
7) Fjölskyldu og skemmtigarðar	Family & Fun Parks
8) Flúðasiglingar*	River Rafting
9) Fuglaskoðun*	Bird Watching
10) Golfvellir	Golf Courses
11) Gönguferðir*	Hiking Tours
12) Hellaskoðanir*	Cave Exploring
13) Hestaferðir*	Horse Riding Tours
14) Hjólaferðir *	Bicycle Tours - Biking
15) Hjólaleigur	Bicycle Rentals
16) Hópefli*	Team Building
17) Hundasleðaferðir*	Dog sledge Tours
18) Hvalaskoðun*	Whale Watching
19) Ísklifur*	Ice Climbing
20) Jeppa og jöklaferðir*	Jeep & Glacier Tours
21) Kajakferðir*	Kayak Tours
22) Köfun*	Diving
23) Lúxusferðir*	Luxury Tours
24) Matreiðslunámskeið*	Cooking Lessons
25) Mótorhjólaferðir*	Motorcycle Tours
26) Náttúrulegir baðstaðir	Geothermal Baths
27) Paintball og Lasertag	Paintball & Lasertag
28) Selaskoðun*	Seal Watching
29) Sjóstangveiði*	Sea Angling
30) Skíðasvæði	Ski Resorts
31) Skotveiði*	Hunting Tours
32) Sundlaugar	Swimming Pools
33) Útsýnisflug*	Sightseeing Flights
34) Veiði í ám og vötnum	Fishing in Rivers & Lakes
35) Vetrar afþreying	Winter Adventure
36) Vélsleða og fjórhjólaferðir*	Snowmobile & ATV Tours

2. Almennar upplýsingar	General Information
1) Bókunarþjónusta*	Booking Services
2) Ferðaskipuleggjendur*	Tour Operators
3) Ferðaskrifstofur*	Travel Agency
4) Ræðismenn	Consul
5) Sendiráð	Embassy
6) Upplýsingamiðstöðvar*	Tourist Information Centres
7) Verslun	Shopping
3. Matur og drykkur	Food & Drink
1) Barir og skemmtistaður	Pubs & Clubs
2) Beint frá býli	Farm Food Direct
3) Heimsending	Take Away
4) Kaffihús	Cafés
5) Skyndibiti	Diners
6) Veitingahús	Restaurants
4. Gisting*	Accommodation
1) Bændagisting	Farm Holidays
2) Einkagisting	Bed & Breakfast
3) Farfuglaheimili/Hostel	Hostels
4) Fjallaskálar	Mountain huts & Cabins
5) Gistiheimili	Guesthouses
6) Hótel	Hotels
7) Íbúðir	Apartments
8) Sumarhús	Cottages
9) Svefnpokagisting	Sleeping bag accommodation
10 Tjaldsvæði	Camping
5. Menning og listir	Culture & Arts
1) Bókasöfn	Libraries
2) Gestastofur	Visitor Centres
3) Handverk og hönnun	Crafts & Design
4) Setur og menningarhús	Cultural Centres
5) Sýningar	Exhibitions
6) Söfn	Museums
6. Samgöngur	
1) Áætlunarbílar*	Busses
2) Bílaleigur*	Car rentals
3) Ferjur	Ferries
4) Flug til Íslands	To Iceland by Air
5) Flugfélög*	Airlines
6) Leigubílar*	Taxi
7) Skipaferðir til Ísland	To Iceland by Sea
8) Strætisvagnar	Public Transportation

Leyfismál

Eins og áður sagði eru undirflokkar sem eru stjórnumerktir í töflu 6 háðir sérstökum leyfisveitingum til að hljóta skráningu. Nokkrir aðilar koma að leyfismálum varðandi rekstur í ferðaþjónustu. Þar má helst telja:

- Ferðamálastofa, sem sér um leyfi fyrir ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur.
- Lögregla/sýslumenn, sem sjá um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða sem og áfengisveitingaleyfi og skemmtanaleyfi.
- Vegagerðin, sem sér um hópferðaleyfi, bílaleigur, leyfi fyrir útgerð sérútbúinna bíla, fjórhjól, vélsleða o.fl.
- Heilbrigðisnefndir, sem sjá um ýmis starfsleyfisskilyrði vegna aðbúnaðar og öryggis, t.d. hestaleyfi.
- Siglingastofnun, sem sér um farþegaleyfi og starfsleyfi fyrir bátaútgerð, s.s. hvalaskoðun, sjóstangaveiði, flúðasiglingar, kajakferðir o.fl.

Þar sem Ferðamálastofa heldur sjálf utan um leyfi fyrir ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur getur hún tryggt að í grunninn sé enginn skráður með starfsemi sem ekki fellur undir lög um skipan ferðamála.

Varðandi gistihlutann þá er enginn skráður í grunninn fyrr en Ferðamálastofa hefur fengið afrit af starfsleyfi, útgefnu af viðkomandi sýslumanni/lögreglustjóra. Fyrir tjaldsvæði dugur leyfi heilbrigðiseftirlits.

Fyrir samgöngukaflann er farið yfir lista frá viðkomandi stofnunum, t.d. Vegagerðinni, og þeir bornir saman við grunninn.

Fyrir kaflann „Matur og drykkur“ er ekki kallað eftir afriti af starfsleyfum heldur treyst á virkt heilbrigðiseftirlit.

Í kaflanum „Menning og listir“ er ekki gerð krafa um leyfi til að fá skráningu.

Þjónustugrunni Ferðamálastofu hefur verið bætt sem yfirflokkur við gagnagrunn um auðlindir ferðaþjónustu og með svipuðum hætti og lýst var að ofan með skoðun á þekjum og stökum

er hægt að skoða þjónustugrunninn. Í ljósi ofangreinds um leyfismál er litið svo á að þjónustugrunnur Ferðamálastofu sé rýndur og ekki þurfi álit heimafólks á honum. Næsta skref er svo að ganga frá viðmóti gagnagrunnsins gagnvart endanlegum notendum.

Hönnun vefviðmóts

Þegar upp er staðið er markmiðið að til verði gagnabanki sem mun verða öllum opin. Hann mun nýtast heimafólki og öðrum hagsmunaaðilum til að vinna að uppbyggingu, skipulagi, stefnumótun og markaðssetningu ferðamála á svæðinu. Gögnin munu verða aðgengileg gegnum vef Ferðamálastofu og verða í umsjón hennar til framtíðar. Allir þeir sem áhuga hafa á uppbyggingu ferðaþjónustu geta komið og áttað sig á umfangi og mismunandi samsetningarmöguleikum þess sem heimafolk og aðrir hagsmunaaðilar telja til auðlinda og tækifæra íslenskrar ferðaþjónustu. Þannig á grunnurinn að nýtast í stefnumótunarvinnu sveitarfélaga (eða samtaka þeirra), markaðsstofa, klasa eða annarra sem horfa vilja til framtíðar, en einnig þeim fyrirtækjum sem vilja þróa sínar ferðavörur. Helstu notendahópar eru:


- Ríki og sveitarstjórnafolk í stefnumótunarvinnu,
- Ferðaþjónustuaðilar eða samtök þeirra sem vilja huga að vöruþróun,
- Aðilar sem standa fyrir hvers kyns skipulagsvinnu og áætlanagerð,
- Fræðimenn, rannsakendur, nemendur o.fl.

Vefsjáin er þannig úr garði gerð að hægt er að velja bara einn flokk eða marga saman til að skoða í vefsjánni og einnig að flokka staði í auðlindagrunni eftir einkunnum (töflur 2-4). Þegar flokkar hafa verið valdir birtast staðir sem þeim tilheyra á kortinu og hægt er að smella á viðkomandi punt til að fá upplýsingaspjald um staðinn/aðilann, með þeim upplýsingum sem um hann eru skráðar. Er vefsjáin á kortagrunni og/eða loftmyndagrunni sem er opin öllum og ekki þarf að greiða sérstaklega fyrir.

Samantekt og lokaorð

Gerðir hafa verið staðlar fyrir gögnin í samræmi við ÍST 120 staðla Staðlaráðs Íslands. Þar eru skráðar allar upplýsingar sem tengjast gögnunum.

Vinnsluferill gagnanna hefur verið sett upp í flæðirit (mynd 8).



Mynd 8: Vinnuferli og uppsetning gagnrunns.

Er það von okkar að þessi skýrsla geti verið leiðarvísir að áframhaldandi vinnu við uppbyggingu gagnagrunns um auðlindir íslenskrar ferðaþjónustu um allt land. Afurðin er grunnur staka sem hægt er að leggja saman og birta þannig heildstæða mynd af þeim tækifærum sem til staðar eru við uppbyggingu og þróun áfangastaða og ferðaþjónustu.

Heimildir

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2010). Tourism struggling as the wilderness is developed. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 10, 334-357.

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2010a). Planning nature tourism in Iceland based on tourist attitudes. *Tourism Geographies*, 12, 25-52.

Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2010a). Nature tourism assessment in the Icelandic master plan for geothermal and hydropower development. Part I: Rapid evaluation of nature tourism resources. *Journal of Heritage Tourism*, 5, 311-331.

Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2010b). Nature tourism assessment in the Icelandic master plan for geothermal and hydropower development. Part II: Assessing the impact of proposed power plants on tourism and recreation. *Journal of Heritage Tourism*, 5, 333-349.

Anna Dóra Sæþórsdóttir, Hall, C.M. og Saarinen, J. (2011). Making wilderness: tourism and the history of the wilderness idea in Iceland, *Polar Geography*, 34(4): 249–273.

Buhalis, D. (2000). Marketing the competitive destination of the future, *Tourism Management*, 21(1), 97-116.

Búnaðarsamband Suðurlands (1982). *Sunnlenskar Byggðir I: Rangárþing*. Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.

Búnaðarsamband Suðurlands (1985). *Sunnlenskar Byggðir II: Rangárþing*. Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.

Búnaðarsamband Suðurlands (1987). *Sunnlenskar Byggðir IV: Skaftárþing*. Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.

Björn Hróarsson. (2008). Hellahandbókin leiðsögn um 77 íslenska hraunhella. Reykjavík: Mál og Menning. Ferðamálastofa (2012). *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum*. Reykjavík: Ferðamálastofa.

Fornleifanefnd. (1990). *Skrá um friðlýstar fornleifar, fyrsta útgáfa*. Reykjavík.

Gunn, C.A. (2002). *Tourism Planning*. New York: Routledge.

Hall, C.M. og Boyd, S. (ritstj.) (2005). *Nature-based Tourism in Peripheral Areas*. Bristol: Channel View Publications.

Hall, C.M., Müller, D.K. & Saarinen, J. (2008). *Nordic tourism: Issues and cases*. Bristol: Channel View Publications.

Halldór Arinbjarnason (2012). Um þjónustugruninn. Tölvuskeyti sent frá halldor@ferdamalastofa.is, 9. júlí 2012.

Huijbens, E. (2011). Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi – grundvöllur vörupróunar. Í I. Hannibalsson (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum XII*. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, (bls. 63-73).

Hull, J.S. og Huijbens, E. (2011). A Participatory Approach to Planning Using Geographic Information Systems: A Case Study from Northeast Iceland. Í D. Dredge og J. Jenkins (ritstj.) *Stories of Practice: Tourism Planning and Policy*. Farnham: Ashgate, (bls. 227-248).

Innovasjon Norge (2008). *Hvitebok for reisemålsutvikling*. Oslo: Innovasjon Norge.

Inskeep, E. (1991). *Tourism Planning: An integrated and sustainable development approach*. Hoboken: Wiley.

Inskeep, E. (1988). Tourism Planning: an emerging specialisation. *Journal of the American Planning Association*, 54(3), 360-372.

Jón Kristinn Gunnarsson. (1992). *Íslenskir fossar*. Hafnarfjörður: Skuggsjá.

Massey, D. (2005). *For Space*. London: Sage.

Müller, D.K. & Jansson, B. (2007). *Tourism in Peripheries. Perspectives from the far North and South*. Wallingsford: CABI.

Paasi, A. (1991). Deconstructing Regions: Notes on the Scales of Spatial Life, *Environment and Planning A*, 23, 239-256.

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir (2010). *Application Katla Geopark*. Selfoss: Katla Geopark Project.

Saarinen, J. (1998). The Social Construction of Tourist Destination: The process of transformation of the Saariselkä tourism region in Finnish Lapland Í: G. Ringer (ritstj.) *Destinations: Cultural Landscapes of Tourism*. London: Routledge (bls. 154-173).

Saarinen, J. (2004). 'Destinations in Change': The Transformation Process of Tourist Destinations, *Tourist Studies*, 4, 161-179.

Þjóðhátíðarnefnd Rangárvallasýslu (1974). *Rangárþing. Greinargerð um héraðið á ellefu alda byggðaaafmæli*. Reykjavík: Hólar.

Þorsteinn Jónsson (2008). *Fögur er hlíðin. Áhugaverðir staðir og gönguleiðir*. Rangárþing Eystra: enginn útgefandi.

Valtýr Sigurbjarnarson og Elías Gíslason (2002). *Auðlindin Ísland – ferðaþjónustusvæði*. Reykjavík: Ferðamálaráð.

Viðauki 1

Árbækur Ferðafélagsins sem notaðar voru í ártalaröð:

Fljótshlíð og Eyjafjöll. (1931). Reykjavík: Árbók Ferðafélags Íslands.

Pálmi Hannesson. (1933). *Landmannaleið.* Reykjavík: Árbók Ferðafélags Íslands.

Óskar J. Þorláksson. (1935). *Vestur-Skaftafellssýsla.* Reykjavík: Árbók Ferðafélags Íslands.

Guðmundur Kjartansson. (1945). *Hekla.* Reykjavík: Árbók Ferðafélags Íslands.

Guðmundur Einarsson. (1960). *Suðurjökklar.* Reykjavík: Árbók Ferðafélags Íslands.

Haraldur Matthíasson. (1963). *Bárðargata.* Reykjavík: Árbók Ferðafélags Íslands.

Haraldur Matthíasson. (1966). *Rangárvallasýsla vestan Markarfljóts.* Reykjavík: Árbók Ferðafélags Íslands.

Haraldur Matthíasson, Guðmundur Kjartansson og Gestur Guðfinnsson. (1972). *Rangárvallasýsla austan Markarfljóts.* Reykjavík: Árbók Ferðafélags Íslands.

Einar H. Einarsson og Sigurður Þórarinnsson. (1975). *Mýrdalur.* Reykjavík: Árbók Ferðafélags Íslands.

Árni Böðvarsson. (1976). *Fjallabaksleið syðri.* Reykjavík: Árbók Ferðafélags Íslands.

Freysteinn Sigurðsson. (1988). *Vörður á vegi.* Reykjavík: Árbók Ferðafélags Íslands.

Árni Hjartarson. (1995). *Á Hekluslóðum.* Reykjavík: Árbók Ferðafélags Íslands.

Aðalskipulög sveitarfélaganna:

Benedikt Björnsson. (2010). *Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025 : unnið fyrir sveitarstjórn Mýrdalshrepps : greinargerð: Vík í Mýrdal : Mýrdalshreppur.*

Gísli Gíslason, Ásgeir Jónsson og Ingibjörg Sveinsdóttir. (2009). *Aðalskipulag Rangárbings Ytra 2010-2022 : Greinargerð.*


Gísli Gíslason, Ingibjörg Sveinsdóttir og Ásgeir Jónsson. (2010). *Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022 : Greinargerð.*

Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf, Landmótun ehf, Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf og Landslag ehf. (2005). *Aðalskipulag Rangárbings eystra 2003-2015 : Greinargerð, stefna og skipulagsákvæði.*

Yngvi Þór Loftsson, Margrét Ólafsdóttir og Óskar Örn Gunnarsson. (2011). *Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022: Greinargerð: Landmótun.*

Viðauki 2: Vinnulag í Google Earth og merking gagna í Excel

Gögnin voru sett fram í Google Earth (GE) til að auðvelda fólki að átta sig á hvaða fyrirbæri hafa verið kortlögð, en Google Earth er forrit þar sem hægt er að sjá staðsetningu á fyrirbærum á loftmyndum. Því miður eru ekki allstaðar góðar loftmyndir af svæðum í GE en það hjálpar samt til við að átta sig á hvar fyrirbærin eru. Á mynd 9 má sjá hvernig hvernig Google Earth opnar valkosti í tengslum við kortlagðar auðlindir ferðaþjónustu á svæði sveitarfélagana fimm.




Mynd 9: Úr Google Earth

Þegar forritið opnar eru tveir flipar vinstra megin inni á valborðinu. Þeir heita *Places* og *Layers*. Undir *Places* koma þeir staðir og þau gögn sem sett hafa verið inn eða eru opnuð frá öðrum, eins og skráin sem unnið var með „auðlindir ferðaþjónustunnar“ og hefur að geyma hnitsett gögnin. Gögnin koma fram sem sk. „þekjur“ en í *Places* eru innan gagnagrunnsins hálendismörk sem og mörk sveitarfélaga og svo yfirflokkarnir þrír sem nefndir voru að ofan.

Undir *Layers* er tenging við gögn sem eru inni í forritinu (þ.e. inn í Google samfélaginu bæði í Google earth og Google map). Þarna inni eru t.d. stærri bæir, sýslumörk, vegir, myndir og fleira. Áhugavert og gagnlegt getur verið að skoða hvað er inni í þessum þekjum, en með því að smella á örina fyrir framan hverja þekju opnast fleiri undirstök. Mælt var til þess að á


meðan verið væri að vinna í kortagrunni verkefnisins þá væri slökkt á sem flestum þekjum í *Layers*. Það gæti þó hjálpað við að glöggva sig á staðsetningum að hafa þekju sem kallast vegir (e. *Roads*) opna. Einnig var bent á þann möguleika að opna öðru hvoru þekju með myndum (e. *Photos*) en það eru gríðar margar ljósmyndir frá almenningi inni í GE (mynd 0).

Ef yfirflokkar eru opnaðir birtast þekjur undirflokkanna líkt og sjá má á mynd 10.



Mynd 10: Þekjur í Google Earth.


Ef einstök þekja var skoðuð nánar mátti sjá öll þau örnefni sem listuð höfðu verið innan tiltekinnar kortaþekju (mynd 11). Hægt er að sjá stök hverrar þekju með því að ýta á örina fyrir framan nafnið á þekjunni. Þá opnast stökin sem eru undir í stafrófsröð. Með því að ýta aftur á örina lokast listinn.



Mynd 11: Örnefni innan þekju í Google Earth.

Hálendislinan, sem markar af skipulagssvæði hálendisins er sýnileg á mynd 11 auk áhugaverðra gilja á svæðinu. Ekki voru kortlögð einstök stök ofan hennar (þ.e. ekki inni á hálendinu), þar sem þar fer fram annarskonar vinna við mat á aðráttarafli og auðlindum ferðapjónustu sem lesa má um í greinum Önnu Dóru Sæþórsdóttir (2010 og 2010a) og Önnu Dóru Sæþórsdóttir og Rögnvaldar Ólafssonar (2010 og 2010). Eins og sjá má á mynd 11 eru líka inni mörk þeirra sveitarfélaga sem taka þátt í verkefninu. Gular línur afmarka Ásahrepp, Rangárþing-Ytra, Rangárþing-Eystra, Mýrdalshrepp og Skaftárhrepp. Með því að smella á fláka hvers sveitarfélags birtist nafn þess. Mælt var til þess að hafa bæði þessi lög opin meðan verið var að vinna í skránni til að glöggva sig á svæðinu.


Með því að tvísmella á nafnið/stakið í listanum (mynd 11) þá þysjar GE sig að fyrirbærinu á skjánum og opnar einnig kassa með upplýsingum um stakið sem skráð var í samræmi við töflu 1. Þennan kassa er einnig hægt að fá upp með því að smella á tákn hvers staks á kortinu sjálfu. Hægt er síðan að loka kassanum með því að smella á krossinn efst í hægra horninu. Í kassanum eru upplýsingar um hvert stak, eins og hvar heimildir um stakið fundust/fengust. Einnig má oft finna nánari lýsing á stakinu. Í flestum tilfellum er krækja sem kallast „mynd af hniti“ (mynd 12).



Mynd 12: Upplýsingar um stak í þekju.


Þessi netslóð vísar á betri loftmynd af stakinu heldur en sést í GE. Það auðveldar fólki að átta sig á hvort rétt örnefni er á fyrirbærinu, hvernig aðgengi að því er, og hvort hnitið sé staðsett rétt. Með því að smella á þessa krækju opnast vefgluggi.

Google Earth er í þessu verkefni einungis ætlað til framsetningar á gögnum sem sett hafa verið í gagnagrunn gegnum landfræðileg upplýsingakerfi. Ekki er ætlast til að settir séu inn nýir staðir þar eða að gögnunum sé breytt sem eru í skránni. Þess var óskað að það væri gert í sérstöku töflureiknis skjali sem rýnum sveitarfélögana var einnig sent. Í skjalinu eru 25 flipar, hver með einni þekju (mynd 13).



Mynd 13: Flipar á þekjur í töflureikni.

Hverjum þeim sem skipaður var verkefninu til ráðgjafar dugði að fara yfir stök sem tengdust eigin sveitarfélagi. Í hverri þekju er dálkur sem heitir sveitarfélag. Í þeim dálki er sía þannig að fulltrúi sveitarfélagsins tekur fyrir þau stök sem merkt eru hans sveitarfélagi. Þannig þurfti að sía gögnin eftir sveitarfélögum og er sýnt á mynd 14 hvernig síunin lítur út.



Mynd 14: Síun gagna í töflureikni eftir sveitarfélögum.



**RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA**

OKTÓBER 2012